

**Efni: Áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Breiðabliks.**

Vísað er til beiðni um áfrýjunarleyfi frá knattspyrnudeild Breiðabliks dags. 10. júní 2022 vegna úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 8. júní 2022. Samkvæmt e) lið greinar 16.2 skal skriflegri beiðni um að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun í undantekningartilvikum beint til formanns dómstólsins og barst beiðnin réttilega og innan tímamarka á skrifstofu KSÍ þar sem dómstóllinn hefur aðsetur. Feldís Lilja Óskarsdóttir er formaður áfrýjunardómstóls KSÍ. Vegna tengsla hennar við Leikni Reykjavík sagði hún sig frá málinu og fer Jóhannes Albert Sævarsson með formennsku að hoc í þessu tiltekna máli.

Beiðni Breiðabliks lýtur nánar að því að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 8. júní 2022 þar sem leikmaður Breiðabliks, Omar Sowe, var úrskurðaður í tveggja leikja bann vegna atviks sem átti sér stað í leik Leiknis Reykjavík og Breiðabliks í Bestu deild karla þann 29. maí 2022.

Heimild til að áfrýja úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 í reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðamál. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í nánar tilgreindum undantekningartilvikum, sem skýra verður þröngt. Úrskurðum um tveggja leikja bann eða vægari refsingu vegna agabrota verður ekki skotið til dómstólsins, sbr. 16.2 a) liður. Það þarf þriggja leika bann til eða þyngri refsingu til að áfrýjun verði talin heimil. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðaði leikmann Breiðabliks í tveggja leikja bann og þegar af þeirri ástæðu verður þeim úrskurði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ með vísan til greinar 16.2 a).

Í grein 16.2 e) er fjallað um heimild áfrýjunardómstóls KSÍ til að heimila áfrýjun annarra úrskurða í agamálum í undantekningartilvikum ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Undantekningarnar frá meginreglunni um að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum verði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 a)–d). Heimild áfrýjunardómstóls KSÍ nær til annarra úrskurða en þeirra sem þar er sérstaklega fjallað um.

Mál leikmanns Breiðabliks er um tveggja leikja bann og því verða að vera sérstakar ástæður fyrir hendi til að heimila áfrýjun úrskurðarins. Í beiðni Breiðabliks er það tiltekið að tveggja leikja bann Omar Sowe hafi grundvallast á myndbandsupptöku. Mikilvægt sé að fá úrlausn dómstólsins um heimild til notkunar myndbandsupptöku í þeim tilvikum þar sem upplýsingar um agabrot koma hvorki fram í skýrslu dómara né eftirlitsmanna. Ekki hafi reynt á álitaefnið eftir að breyting var gerð á orðalagi reglugerðarinnar.

Eins og fram kemur í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar að þá getur nefndin úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við, sbr. grein 5.3 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Greinin takmarkar í engu hvaða gögn eða upplýsingar það eru sem nefndin getur stuðst við þegar ábending berst um brot í leik sem farið hefur framhjá dómara og aðstoðarmönnum hans. Það er aga- og úrskurðarnefndar að meta hvort umrætt atvik telst vera agabrot og um alvarleika þess. Í þessu máli lá myndbandsupptaka af umræddu atviki til grundvallar úrskurði nefndarinnar. Þar sést hvar umræddur leikmaður Breiðabliks gefur leikmanni Leiknis Reykjavík hægri handar olnbogaskot, sem metið hefur verið alvarlegt agabrot af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Knattspyrnudeild Breiðabliks hefur ekki lagt fram ný gögn með beiðni um áfrýjunarheimild sem breyta því mati aga- og úrskurðarnefndar að atvikið teljist alvarlegt agabrot eða leitt að því líkum með öðrum hætti að nefndin hafi metið atvikið ranglega.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það mat formanns áfrýjunardómstóls KSÍ að ekki séu fyrir hendi þær sérstöku ástæður samkvæmt grein 16.2 e) að dómstóllinn geti heimilað áfrýjun á tveggja leikja banni Omar Sowe samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 8. júní 2022.

Áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Breiðabliks er hafnað.

Reykjavík, 14. júní 2022

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]